

## **Stjórnarfundur Prentsöguseturs 02.06 2020**

**Fundarstaður:** Prentsögusetur, Laugavegi 29, 101 Reykjavík.

**Mætt:** Heimir Brynjúlfur Jóhannsson, Haukur Már Haraldsson, Hjörtur Guðnason, Katrín Jónsdóttir, Sófus Guðjónsson og Svanur Jóhannesson. **Forföll:** Þorsteinn Veturliðason.

Heimir formaður setti síðasta stjórnafund þessarar stjórnar og sá um fundarstjórn.

### **Dagskrá fundar:**

1. Heimsókn til mennta- og menningarmálaráðherra
2. Aðalfundur
3. Önnur mál

#### **1. Heimsókn til mennta- og menningarmálaráðherra**

Heimir Brynjúlfur Jóhannsson og Haukur Már Haraldsson fóru ásamt sr. Kristján Björnsson Víglubiskup í Skálholti á fund Lilju D. Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra 28 apríl síðastliðinn. Ráðherra voru kynnt áform Prentsöguseturs og samstarf við Skálholt, einnig var barnabókaútgáfa til að auka lestur barna rædd. Ráðherra sýndi málefni mikinn áhuga og átti þau langt spjall. Heimir bauð Lilju að koma og skoða gömlu prentsmiðjuna sem hún þáði.

#### **2. Aðalfundur**

Farið var yfir dagskrá aðalfundar og lagabreytingar sem tekið verður fyrir á aðalfundinum fimmtudaginn 4. júní. næstkomandi.

#### **3. Önnur mál**

- a) Það kom ábendingu um að merkja þyrfti opnunartíma betur á Laugarvegi, ákveðið var að setja merkingu á hurð en fastir opnunartímar verða ákveðnir síðar.
- b) Hjörtur ætlar kanna hver staðan er á geyslugámum hjá Stólpa.
- c) Lagt var til að fjárfest yrði í nýjum ruslafötum og skipta um blöndunartæki á salerni.

Fundi slitið.